

Yfirlitssýning á verkum Alcopleys:





Dullarfullur maður sem lifir tvöföldu lífi

Á morgun verður opnuð á Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á verkum bandarísks listmálarans Alcopley. Þetta er stærsta yfirlitssýning sem haldin hefur verið á verkum listamannsins og spannar yfir tímabilið 1944-1977. Alls eru á sýningunni rúmlega 300 verk, olíumyndir, teikningar, vatnslitamyndir og steinprent.

Í mjög vandaðri sýningarskrá sem Listráð gefur út í tilefni sýningarinnar segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur á þessa leið: „Lítið land þarfnast stórlyndra vina. Alcopley er án efa einn þeirra og í meira en þrjátíu ár hafa tengsl hans, persónuleg og starfsleg, við Ísland verið náin. Sem vísindamaður hefur hann uppörfað hérlenda starfsbræður sína og meðan eiginkona hans, Nína Tryggvadóttir, var á lífi var heimili þeirra í Reykjavík og New York, mörgum Íslendingum griðastaður."


Um verk og störf Alcopley segir Aðalsteinn síðar í sýningarskrá: „Alcopley tók á árunum 1940-50 virkan þátt í félagslífi og umræðum afstrakt-expressionista og var einn af tólf stofnendum „klúbbsins" og svonefnda á 8da Stræti í New York sem alls staðar er getið í bandarískri myndlistarsögu. Markmið þessara listamanna var að skapa nýja bandaríska list sem skyldi grundvallast á frjálsri tjáningu undirvitundar og andans og í þeim meginstraumi hafa verk Alcopleys verið æ síðan og sú næring sem hann þáði frá austurlenskri list hefur einnig auðgað list hans og vikkað. Verk hans eru um lífsorkuna, um tónlist og dans, — um efnið og andann."

Thor Vilhjálmsson kemst þannig að orði um listamanninn í tilefni sýningarinnar: „Vinur minn Alcopley er dularfullur maður, býr yfir mörgu, gæddur fjölþættum gáfum sem spanna ýmis svið og leiða hann í hulduheima. Hann lifir tvöföldu lífi og er hvort tveggja ríkt af reynslu og árangri."

Æviágrip Alcopleys fer hér á eftir:

„Fæddur í Þýskalandi. Hefur málað frá tíu ára aldri. Listnám í Dresden 1920-29 en að mestu sjálflærður. Bandarískur ríkisborgari frá 1943. Einnig þekktur undir nafninu Alfred L. Copley sem einn helsti sérfræðingur veraldar í blóðrannsóknum. Hefur stundað myndlist stöðugt frá 1939, í Kansas City, New York, Charlottesville, París og London. Hefur búið í New York frá 1960. Meðlimur í grafíkverkstæði Stanley William Heyter's „Atelier 17" í New York frá 1945-47. Árið 1940 kvæntist hann Nínu Tryggvadóttur. Var einn af tólf stofnendum „The Club" í New York árið 1949. Félagi í „American Abstract Artists" og „Groupe

Framhald á bls. 10



Lista- og vísindamaðurinn Alcopley

Sovézki leikstjórinn Vladimir Andrejef, minnist Íslandsferðar sinnar

Hyggjast sýna Strompleik Laxness í Sovétríkjunum

„Ég varð mjög hrifinn af þessu landi, enda er þar margt áhugavert að sjá og mikil gestrisni" — segir Vladimir Andrejef, þegar hann minnist Íslandsferðar sinnar.

Við sitjum á vinnustofu hans. Veggirnir eru klæddir eikarpanel. Á geysistóru borði liggja handrit, ljósmyndir og nótnablöð. Í einu horninu stendur ensk afaklukka og tifar jafnt og þétt.

Hér er notalegt að sitja og tala saman.

Vladimir Andrejef er 46 ára. Hann er aðalleikstjóri Jermolovaleikhússins, sem er eitt vinsælasta leikhús Moskvuborgar og staðsett í nágrenni Kreml.

Hann hefur leikið á sviði síðan árið 1952. Hlutverk hans í leikhúsi eru orðið 60 og í kvikmyndum og sjónvarpi hefur hann leikið 40 hlutverk. Undanfarinn áratug hefur hann kennt við Leiklistarháskóla Ríkisins í Moskvu (GITIS).

Andrejef undirritaði samning sem MÍR og SSOD gerðu með sér fyrir einu ári. Allir vita hvað MÍR er, en SSOD er Vináttustofnun þjóðanna í Moskvu. Andrejef undirritaði samninginn fyrir hönd Sovétríkjanna, en hann er varaformaður vináttufélagsins Sovétríkin-Ísland.

Rætt um leiklist.

Við tölum um leiklist. Hvað getur leikstjórinn sagt okkur frá leikhúslífi í landinu sem hann heimsótti?

Hann segir: „maður finnur að íslenskt leikhúsfólk hefur tekið á móti áhrifum frá öllum stefnum sem ríkjandi eru í leiklist umheimsins". Hvað leikritagerð snertir segir Andrejef að þar beri mest á skandínavískum áhrifum, einkum sænskum. Áhrifa Stanislavskís gætir hinsvegar talsvert í leikstjórn og afstöðu manna til listar yfirleitt.

Á Íslandi hafa verið sett á svið leikrit Antons Tsékhofs, Nikolaj Gogols, Mikaels Bulgakofs og Alexei Arbusofs.

Andrejef segist hafa séð sýningu á „Náttbólinu" eftir Gorkí í Þjóðleikhúsinu í Reykjavík. Það leikrit var skrifað árið 1902 og er talið til bestu verka höfundarins, enda sígilt og jafnan á leikskrá leikhúsa um heim allan.

„Undraverð sýning"

Hvað fannst sovéska leikstjóranum um þessa íslensku sýningu á Náttbólinu?

„Þetta var undraverð sýning og leikararnir sýndu mjög áhugaverð tilþrif. Leikstjórinn var sovéskur, V. Strisjof, og leiktjaldamálarinn sömuleiðis, D. Borovskí. Áhorfendur tóku sýningunni mjög vel og íslenskir vinir mínir sýndu mér blaðadóma þar sem farið var lofsamlegum orðum um árangur þessa sovésk-íslenska samstarfs."

Andrejef sá einnig sýningu á „Ínúk" og minnist hennar með hlýhug. Sú sýning fjallar um örlög frumbyggja Grænlands. Siðmenningin heldur innreið sína í landið en færir þeim enga hamingju. Tæknilegum nýjungum fylgja vestrænir lífnaðarhættir sem eru þessu fólki framandi og fjandsamlegir.



Halldór Laxness

Að sjálfsögðu er vikudvöl á Íslandi ekki nægilega langur tími til að kynna sér leikhúslíf þar til neinnar hlítar, en hún nægir þó til þess að afla sér sambanda og kynnast því helsta sem á boðstólum er.

Anrejef sýnir mér handrit sem liggur á skrifborðinu. Þetta er „Strompleikur" Halldórs Laxness, en þann rithöfund þekkja sovéskir lesendur mætavel. Eitt leikrita hans, „Silfurtunglið", hefur verið sett á svið í Sovétríkjunum, það var árið 1954.

Ekki alls fyrir löngu kom út 158. bindi bókaflokksins „Bókasafn heimsbókmenntanna" en í því var að finna tvær skáldsögur eftir Laxness: „Sjálfstætt fólk" og „Íslandsklukkuna". Upplagið er 303 þúsund eintök.

Sovéskt bókmenntafólk minnist í ár 75 ára afmælis þessa merka íslenska rithöfundar með ýmsum hætti.

Vladimir Andrejef talar um leikrit Laxness. Hann segir að þau fjalli um gildismat, um það sem er ekta og það sem er ekki

Framhald á bls. 10